



Fréttatilkynning
frá
skrifstofu forseta Íslands

FORSETI Í NEW YORK VEGNA FUNDAR KVENNANEFNDAR SAMEINUÐU ÞJÓÐANNA

Forseti Íslands, Halla Tómasdóttir, er nú stödd í New York þar sem hún tekur þátt í viðburði í tengslum við árlegan Kvennanefndarfund Sameinuðu þjóðanna (e. *Commission on the Status of Women*) sem nú stendur yfir. Þetta er 69. fundur Kvennanefndarinnar og er höfuðáherslan á endurskoðun og mat á framkvæmd Pekingsáttmálans sem markaði kaflaskil í réttindabaráttu kvenna þegar hann var einróma samþykktur af aðildarríkjum SP árið 1995.

Af því tilefni hefur Amina J. Mohammed, varaframkvæmdastjóri Sameinuðu þjóðanna, boðið forseta Íslands að taka þátt í hliðarviðburði sem ber heitið *Women Rise for All: Turning Hope into Action* sem fram fer í höfuðstöðvum Sameinuðu þjóðanna síðdegis í dag. Forseti og varaframkvæmdastjórinn opna viðburðinn með samtali um þróun mála síðustu 30 ár, þ.e. síðan Pekingsáttmállinn var samþykktur. Þá verður rætt um forystuhlutverk kvenna til að ná heimsmarkmiðum Sameinuðu þjóðanna um sjálfbæra þróun (SDGs) fyrir árið 2030. Umræðunum stýrir Jessica Sibley, forstjóri bandaríska tímaritsins *TIME*.

Á miðvikudag efnir fastanefnd Íslands hjá Sameinuðu þjóðunum til hádegisverðarfundar forseta með sendiherrum helstu samstarfsríkja Íslands gagnvart Bandaríkjunum.

Forseti kemur aftur til Íslands á fimmtudag.

18. mars 2025

Nánari upplýsingar veitir skrifstofa forseta Íslands (s. 540 4400) og Sif Gunnarsdóttir forsetaritari (s. 664 8249).